

6. gr.

155

Við úthlutun þess húsnæðis, sem byggt er samkvæmt reglugerð þessari, er sveitarstjórn skylt að láta þær fjölskyldur sitja fyrir, sem í lökustu húsnæði húa og mesta ómegð hafa eða eiga samkvæmt vottorði læknis við verulega vanheilsu að stríða.

Verði ágreiningur í sveitarstjórn um úthlutun íbúðanna, má skjóta honum til úrskurðar húsnæðismálastjórnar.

7. gr.

Lán samkvæmt 4. gr. koma ekki til útborgunar fyrr en viðkomandi ónothæft húsnæði hefur verið tekið úr notkun samkvæmt vottorði hlutaðeigandi lögreglustjóra, enda sé húsnæði það, sem lánað er til, orðið íbúðarhæft samkvæmt vottorði trúnaðarmanns húsnæðismálastjórnar.

Óheimilt er að taka aftur til íbúðar húsnæði, sem tekið hefur verið úr notkun samkvæmt reglugerð þessari, nema fyrir liggja vottorð héraðslæknis (í Reykjavík borgarlæknis) um, að það hafi hlotið þær endurbætur, að það sé eigi lengur heilsuspillandi, enda fullnægi íbúðin einnig skilyrðum byggingarsamþykktar um íbúðarhúsnæði.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957 um húsnæðismálastofnun, Byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 5. september 1957.

Hannibal Valdimarsson.

Jón S. Ólafsson.

AUGLÝSING

156

6. sept.

til lækna og lyfsala í tilefni löggildingar viðauka við lyfjaskrá,
sbr. auglýsingu frá 6. sept. 1957 í A-deild Stjórnartíðinda.

Með forsetaúrskurði 13. júlí 1950 var hin danska lyfjaskrá, Pharmacopoea Danica 1948, Editio IX, ásamt þá þegar útkomnum fyrsta viðauka við lyfjaskrána, Pharmacopoea Danica 1948, Addendum 1950, löggilt hér á landi frá 1. janúar 1951, sbr. augl. nr. 72 (A) 14. júlí 1950 og reglur nr. 196 19. sept. 1950 um nokkrar nafnbreytingar lyfja samkvæmt nýrri lyfjaskrá, gerð, geymslu, áritun og afhendingu lyfja o. fl.

Frá því að lyfjaskráin kom út, hafa viðaukar og breytingar við skrána í venjulegu bókarformi verið gefnar út sem hér segir:

Pharmacopoea Danica 1948,	Addendum 1950,	Kh. 1950,	
—	—	—	1951, Kh. 1951,
—	—	—	1952, Kh. 1952.

Útgáfa viðauka þessara var í upphafi með þeim hætti, að þegar nýr viðauki kom út, var í honum að finna allt, er fyrri viðauki hafði að geyma, auk þeirra breytinga og viðbóta, er orðið höfðu á lyfjaskránni frá því að næsti viðauki á undan var gefinn út. Varð þ. a. l. eldri viðauki úreltur, er nýr kom út.

156 Þegar þrjú ofangreindir viðaukar höfðu verið gefnir út, var horfið frá þessu 6. sept. fyrirkomulagi um útgáfu nýrra viðauka, enda meginhluti viðaukanna jafnan óbreyttur frá ári til árs og óþarfa kostnaður við að gefa út bókina í heild árlega.

Var í þess stað tekið að gefa út í lausblaðabókarformi viðauka við lyfjaskrána. Fyrsti viðaukinn með þessu sniði kom út seint á ári 1953:

Addendum til Pharmacopoea Danica 1948 1 — 12 — 1953. Hafði hann að geyma síðasta viðauka lyfjaskrárinnar, Addendum 1952, svo og breytingar og viðbætur, er gerðar höfðu verið á lyfjaskránni frá útgáfu viðauka ársins 1952.

Viðaukar og breytingar við téðan lausblaðaviðauka hafa svo verið gefnar út sem hér segir:

Addendum til Pharmacopoea Danica 1948 1 — 12 — 1954 (Udsendelse nr. 1).

Addendum til Pharmacopoea Danica 1948 1 — 6 — 1956 (Udsendelse nr. 2).

Addendum til Pharmacopoea Danica 1948 1 — 12 — 1956 (Udsendelse nr. 3).

Þessir lausblaðaviðaukar hafa nú verið löggiltir hér á landi ásamt áður nefndum lausblaðaviðauka.

Þess skal getið, að árið 1950 kom út í Danmörku dýralyfjaskrá, Pharmacopoea Danica 1948, Addendum Veterinarium, Kh. 1950, sem einnig er viðauki við dönsku lyfjaskrána. Skrá þessi er sjálfstætt hefti, sem ekki er tekið upp í fyrrgreindan lausblaðaviðauka lyfjaskrárinnar. Leiðréttingar á dýralyfjaskránni og viðaukar við hana, sem eingöngu ná til ósamsettra dýralyfja (simplicia), eru þó hvort tveggja jafnan gefið út á lausblöðum ásamt öðrum leiðréttingum og viðaukum við lyfjaskrána. Dýralyfjaskráin, Pharmacopoea Danica 1948, Addendum Veterinarium, Kh. 1950, er ekki löggilt til notkunar hér á landi með ofangreindum forsetaúrskurði.

Um útgáfu hinnar dönsku lyfjaskrár og viðauka við hana sér lyfjaskrárnefnd (Farmakopékommissionen), sem kosin er til nokkurra ára í senn.

Til þess að koma í veg fyrir misskilning er rétt að geta þess, að í Danmörku hefur einnig verið gefið út sérstakt dýralyfseðlasafn, Dispensatorium Veterinarium 1950, Kh. 1950. Skrá þessi, sem tekur til samsettra dýralyfja (composita), er gefin út af dýralæknaráði Danmerkur (Det veterinære Sundhedsråd) og ber þ. a. l. ekki að skoða lyfseðlasafn þetta sem hluta hinnar dönsku lyfjaskrár, Pharmacopoea Danica.

Læknar eru áminntir um að kynna sér nákvæmlega löggilta lyfjaskrá og löggilta viðauka og gera sér far um að rita lyfjaávisanir sínar í sem fyllstu samræmi við gildandi reglur um skráð lyf.

Ef um deyfilyf eða önnur mikilvirk lyf er að ræða, ættu þeir að gera sér að reglu að vitna til lyfjaskrárinnar í lyfjaávisunum sínum ella geta styrkleika greinilega.

Jafnan skulu lyfsalar, þegar um slík lyf er að ræða, gæta þess að bera sig saman við hlutaðeigandi lækni, þá er nokkur vafi getur leikið á því, hver styrkleiki lyfsins skuli vera.

Læknum til leiðbeiningar er vakin athygli á breytingum, er gerðar hafa verið á fyrirmælum gildandi lyfjaskrár um styrkleika neðangreindra lyfja:

Guttæ adetamini fortiores:

Innihéldu 14.000 a.e. af A-vítamíni í g, Ph. Dan. 1948.

Innihalda nú 10.000 a.e. í g, Add. 1 — 12 — 1953.

Injectabile atropini:

Innihélt 2 mg af atrópínsúlfati í ml, Ph. Dan. 1948.

Inniheldur nú 1 mg í ml, Add. 1 — 12 — 1953.

Injectabile morphini:

Innihélt 3 sg af morfinhýdróklóríði í ml, Ph. Dan. 1948.

Inniheldur nú 2 sg í ml, Add. 1 — 12 — 1953.

Injectabile g-strophanthini:

Innihélt 0.5 mg af g-strófantíni í ml, Ph. Dan. 1948.

Inniheldur nú 0.1 mg í ml, Add. 1 — 12 — 1956.

Pasta pyrolei betulae:

Innihélt 1% af birkitjöru, Ph. Dan. 1948.

Inniheldur nú 2%, Add. 1 — 12 — 1953.

Tablettae dicumaroli:

Innihéldu 100 mg af díkúmaróli í töflu, Add. 1950.

Innihalda nú 20 mg í töflu, Add. 1 — 12 — 1953.

Tablettae sulfacombini, Ph. Dan. 1948:

Smávægileg styrkleikabreyting, Add. 1 — 6 — 1956.

156

6. sept.

Þetta er hlutaðeigendum hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 6. september 1957.

Hannibal Valdimarsson.

Baldur Möller.

REGLUGERÐ

157

6. sept.

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Þórshafnarkauptún nr. 130 12. júlí 1939.

1. gr.

14. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

- I. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem til eru við höfnina eða gerð kunna að verða, skal ákveðið með sérstökum samningi við málsaðilja.
- II. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Þórshafnarhöfn, og farmi þeirra, greiðist:
 - a. Lestagjald: Öll skip, sem mæld eru 5 rúmlestir og þar yfir, skulu greiða í lestagjald 80 aura af hverri nettó rúmlest, í hvert skipti er þau leggjast á Þórshafnarhöfn eða hafa sambandi við land á Þórshöfn, eftir að þau koma frá útlöndum, eða ef um innlend skip er að ræða, þá í fyrsta sinn, er þau leita hafnar á Þórshöfn á árinu. Liggja skipið lengur en 14 daga á höfninni, tvöfaldast gjaldið. Hafni skipið sig oftast en einu sinni á árinu á Þórshafnarhöfn, og hafi á þeim tíma ekki komið til annarra landa, greiðist lestagjaldið ekki að fullu nema í fyrsta skipti og síðar að hálfu. Skip, sem ganga á milli hafna á Íslandi svo og milli Íslands og útlanda, eftir ákveðnum ferðaáætlunum, skulu, þá er þau í fyrsta sinn á árinu koma á Þórshafnarhöfn, greiða lestagjald, en síðar ekki þótt þau hafni sig oftast á sama ári.

Skip, sem heimilisfast er í þorpínu eða stunda útgerð þaðan lengri tíma en 3 mánuði ársins, skulu greiða 5 krónur fyrir hvern opinn vélbát, 10 krónur fyrir hvern þiljaðan vélbát og 10 krónur fyrir hvern uppskipunarbat á ári.
 - b. Vitagjald: Öll skip, sem hafnargjald eiga að greiða og hafna sig á tímabilinu 1. ágúst—14. maí, skulu greiða fyrir vitaljós hafnarinnar 25 krónur, í hvert skipti er þau koma til hafnar á þessu tímabili. Séu skipin meira en 300 rúmlestir greiða þau 50 krónur í hvert skipti. Skip sem heimilisföst eru á Þórshöfn eru undanþegin þessu gjaldi.
 - c. Vörugjald: Af vörum, sem fluttar eru í land á Þórshöfn eða skipað þaðan út, enn fremur vörum, sem fluttar eru á milli skipa í höfninni, skal greiða gjald sem hér segir: